

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskóga-
byggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag frístundabyggðar og íbúðarhúsalóðar í landi Kjarnholts I.

Í deiliskipulaginu eru skipulögð tvö svæði. Á svæði eitt, sem er við bæinn Kjarnholt, er gert ráð fyrir allt að 250 m² íbúðarhúsi ásamt bílskúr. Svæði tvö er um 20 ha að stærð og liggur upp að Tungufljóti, ofan við eldra deiliskipulagt frístundasvæði. Þar er gert ráð fyrir 30 frístundahúsalóðum á bilinu 5.000 til 6.500 m² og verður heimilt að reisa allt að 150 m² hús ásamt 30 m² geymslu. Hámarksnýtingarhlutfall er 0,03.

Samþykkt í sveitarstjórn 8. apríl 2008.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni 14. ágúst 2008.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 29. ágúst 2008